

18. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði, 03.05 2011, kl. 13.30

Mætt voru Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson og Þorvarður Ingimarsson, ásamt fulltrúum verkefnis um þurrkstöð fyrir fóður og timbur, þau Þórarinn Lárusson, Jón Björgvin Vernharðsson og Ólöf Sigurbjarnardóttir. Anna Jóna var væntaleg og mætti kl 14.15, Lárus hafði boðað forföll. Jón Þór Þorvarðarson 3. varamaður forfallaðist á síðustu stundu.

Oddviti setti fund kl. 13.45 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Þurrkstöð, styrkbeiðni dags. 07.04**
- 2. Skýrsla oddvita**
- 3. Breyting á deiliskipulagi í landi Skriðuklausturs**
- 4. Reglur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs**
- 5. Bréf**
 - a) Umhverfisráðuneytið dags. 18.04
 - b) Samband íslenskra sveitarfélaga 18.04
 - c) Afrit af bréfi safnaráðs til Fjárlaganefndar ríkisins dags. 06.04
 - d) Þingeyjarsveit/Tryggvi Harðarson
 - e) Fljótsdalshérað dags.28.04
- 6. Umhverfisstyrkir**

Einar Andrésson, Bessastöðum
- 7. Fjárbeiðnir**
 - a) Sveinn Ingimarsson
 - b) Skógardagurinn mikli/Björn Ármann Ólafsson
 - c) Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna
- 8. Fundargerðir**
 - a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 27.04
 - b) Austfirsk eining 26.04
 - c) Framkvæmdaráð SSA 08.04
 - d) Stjórn SSA 18.04
 - e) Kynningarfundur um landshlutaáætlanir 18.04
- 9. Önnur mál**

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrá.

- 1. Þurrkstöð, styrkbeiðni dags. 07.04.** Þórarinn, Jón Björgvin og Ólöf kynntu verkefni sem áhugamannahópur hefur unnið að í samstarfi við Þróunarfélag Austurlands. Verkefnið snýr m.a. að skoðun hagkvæmni þess að koma á stofn þurrkstöð fyrir korn, hey og timbur. Sótt er um styrk til tímabundinnar ráðningar starfsmanns. Starfsmanninum er ætlað að gera fjárhags- og rekstrarlega úttekt á verkefninu. Sótt hefur verið um styrki til að koma ráðningunni á og er Fljótsdalshreppur meðal þeirra aðila sem óskað er eftir styrkjum frá, en hluti þess fjármagns sem þarf til ráðningar starfsmannsins fæst úr atvinnuleysistryggingarsjóði

Ólöfu, Jóni Björgvini og Þórarni þökkuð koman og yfirgáfu þau fundinn um kl. 14.45.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 150.000- eins og óskað er eftir.

2. Skýrsla oddvita.

Byggingarfulltrúi gerði lokaúttekt á Gisthúsum við Végarð og Laugarfellsskála 7. apríl.

Sveitarstjórn sat fund á Hallormsstað 8. apríl sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs boðaði til Fundurinn var einn af fundum sem Fljótsdalshérað boðar til úti í stofnunum sveitarfélagsins til að ræða mögulega hagræðingu og lækkun kostnaðar. Sveitarstjórn átti sama dag, einnig samræðu við bæjarstjórnarfulltrúa Fljótsdalshéraðs um stækkun á húsnæði félagsaðstöðu aldraðra á Egilsstöðum og hugsanlega aðkomu sveitarfélaganna.

Oddviti sat fund um sormál á Egilsstöðum 13.04. Umhverfissráðuneytið og HAUST boðuðu forsvarsmenn sveitarfélaga á svæðinu til þessa fundar til að fara yfir stöðu sormála. Auk fulltrúa ráðuneytis, HAUST og sveitarfélaganna voru á fundinum fulltrúi Sambands íslenskar sveitarfélaga og fulltrúi Umhverfisstofnunar. Leyfi sem Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður og Fljótsdalshreppur hafa haft til urðunar sorps á Eydalamelum í Breiðdal rennur að óbreyttu út 15.07 2011.

Skrifað hefur verið undir leigusamning við Papafjörð ehf um rekstur Laugarfellsskála og tengdra mannvirkja. Leigusamningurinn gildir frá 1. maí 2011 til 31.12 2015.

Oddviti sat kynningarfund um landshlutaáætlanir á Egilsstöðum 18. apríl.

Ársfundur Sjálfbærniverkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi hefur verið boðaður 13. maí, Minjasafninu Neskaupsstað, kl. 13-16.30.

Landsvirkjun hefur sent skýrslurnar LV-2010/111 Aurskolun Ufsarlóns og útskolun farvegs í ágúst 2010 og LV-2011/044 Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts, Jökulsár á Dal, Fögruhlíðarár og Gilsár, 2010.

3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi “ Fyrir menningar og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar”

Breytingin er í landi Skriðuklausturs. Skilgreindir nágrennar hafa ritað samþykki sitt á uppdrátt dags. 15.04 2010 og grenndarkynningu þar með lokið. Með vísan í 43 og 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010 samþykkir sveitarstjórn tillöguna óbreytta og felur oddvita að senda Skipulagsstofnun hana til athugunar og auglýsa samþykkt deiliskipulagsins í B – deild Stjórnartíðinda.

4. Reglur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs. Um er að ræða reglur sem fjalla um afgreiðslu umsókna um þjónustu við fatlað fólk á eigin heimilum og húsnæðisúrræði og reglur um verklag við vinnslu barnaverndarmála. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

5. Bréf

- Umhverfissráðuneytið dags. 18.04. Varðar flokkun slóða og vega á Fljótsdalshreppi, innan miðhálandislínu. Frestað til næsta fundar.
- Samband íslenskra sveitarfélaga 18.04. Varðar frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga. Lagt fram til kynningar. Umsögn verður ekki send.
- Afrit af bréfi safnaráðs til Fjárlaganefndar ríkisins dags. 06.04. Safnaráð leggur m.a. til að fjármunir til safnastarfs fari í gegnum menningarsaminga mennta-og menningarráðuneytis við sveitarfélög. Í þeim samningum er tekið fram að greiðslur samkvæmt þeim eigi ekki að renna til hefðbundsins rekstur safna.

Sveitarstjórn telur hugmynd safnaráðs varhugaverða og er mótfallin henni, nema því aðeins að um það verði gerðir sérstakir samningar sambærilegir menningarsamningum við sveitarfélög, með tilgreindu fjármagni og það verði til þess að auka ríkisframlög til safnastarfs.

- d) Þingeyjarsveit/Tryggvi Harðarson. Ráðstefna um orku- og auðlindamál sveitarfélaga 13 og 14 maí Stórutjarnarskóla.
- e) Fljótsdalshérað dags.28.04. Varðar Félagsmiðstöð aldraðra, stækkun húsnæðis með aðkomu Fljótsdalshrepps. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs er tilbúið að funda með sveitarstjórn um málið.

6. Umhverfisstyrkir

Einar Andrésson , Bessastöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann þurfti að yfirgefa fund kl. 16.00 vegna sauðburðaranna

7. Fjarbeiðnir

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis.

- a) Sveinn Ingimarsson. Sveinn sækir um styrk til ferðar á tækjasýningu í Svíþjóð. Hafnað.

Þorvarður kom aftur til fundar.

- b) Skógardagurinn mikli/Björn Ármann Ólafsson. Sótt er um styrk vegna skógardagsins mikla 2011, sem haldinn verður á Hallormsstað 25. Júní. Samþykktur styrkur kr. 50.000- og farið fram á að logo sveitarfélagsins verði birt í auglýsingum sem auglýsa daginn.
- c) Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna. Hafnað.

8. Fundargerðir

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 27.04. Kynnt.
- b) Austfirsk eining 26.04. Kynnt.
- c) Framkvæmdaráð SSA 08.04 Kynnt.
- d) Stjórn SSA 18.04. Kynnt
- e) Kynningarfundur um landshlutaáætlanir 18.04. Kynnt.

10. Önnur mál.

- a) Oddviti gerði grein fyrir að erindi frá Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps sem frestað var á síðasta fundi og varðaði styrkbeiðni vegna kaupa á tætara, hafi verið dregið til baka.
- b) Samþykkt að auglýsa starf umsjónarmanns (verkstjóra) með unglíngavinnu í sveitafélaginu í sumar.
- c) Samþykkt að kaupa kojur af Birkitré í Laugarfellsskála, skv tilboði dags 03.05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15.

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)